Ragnar Þorsteinsson

Persónulegt siðferði og fagleg sjálfsmynd kennara

Menntun er vítt hugtak sem felur í sér að þroska og fræða, styrkja sjálfsmynd nemenda, efla félagsþroska þeirra, gera þá færa um félagsleg samskipti og að sýna öðrum virðingu. Siðfræðin og heimspekin tengjast órjúfanlegum böndum í þessu verkefni og eru hluti af starfi hverrar menntastofnunar. Spyrja má hvernig hin heimspekilega siðfræði tengist uppeldisstarfi skólans. Miklu skiptir að skólinn örvi þekkingarleit barna og ekki síður svali þeirri eðlislægu forvitni sem hverju barni er gefin. Börn og unglingar eru sjálfstæðir einstaklingar og eru jafn ólík og þau eru mörg. Mikilvægt verkefni hvers skóla er að efla sjálfstæða hugsun barna og unglinga, styrkja siðferðilega dómgreind hvers og eins og gera nemendur þannig færari um að gera greinarmun á réttu og röngu í siðferðilegri togstreitu lífsins. Hver og einn háir þá glímu af mismiklum þunga í fjölbreytileika mannlífsins. Það er síðan álitamál hvort og í hve ríkum mæli skólinn er fær um að byggja upp þennan siðferðilega þroska barna og unglinga. Með markvissri menntun ætti að vera hægt að styrkja siðferðisþroska og sjálfstæða hugsun hvers og eins. Hlutverk kennarans er að kenna nemendum með eins hlutlausum hætti og mögulegt er, feta hina hárfínu línu milli siðaboðskapar og frjálsrar hugsunar nemandans. Það að kenna nemendum góða siði, náungakærleik og virðingu fyrir öðrum verður varla gert án tiltekinnar innrætingar eða boðskapar í kennslustarfinu. Hún er vandmeðfarin siðfræðikennslan ef ekki felast í henni skilaboð um með hvaða hætti skuli koma fram við náungann. Geta forvarnir gegn einelti náð tilætluðum árangri nema þar komi fram boðskapur um að ekki er heimilt að útiloka aðra í samskiptum, hvort sem er innan skólasamfélagsins eða utan?

Aðgerðir sem stuðla að forvörnum gegn einelti hafa skýran siðferðisboðskap og markmið. Einelti er ekki liðið í skólanum. Það er mikilvægt að börn og unglingar fái skýr skilaboð í þessum efnum. Hið kristilega siðgæði var eitt aðalviðfangsefni Alþingis þegar ný grunnskólalög voru til umræðu þar haustið 2007. Þar tók Alþingi af skarið um að kristilegur siðaboðskapur skyldi gilda í grunnskólum sem fyrr. Mikilvægt er að hið leiðbeinandi hlutverk kennarans byggist á lýðræðislegum grunni og hjálpi þannig nemandanum að taka afstöðu og móta sína lífssýn og sjálfsmynd án þess að persónulegar skoðanir kennarans séu þar ráðandi. Hann er þröngur þessi stígur mótunar og leiðbeiningar.

Persónulegt siðferði og skoðanir einstakra kennara sem fram koma utan skólans eru hluti af sjálfsmynd hans sem fagmanns. Það verður að teljast erfitt fyrir kennarann sem fagmann að stíga út úr faglegri sjálfsmynd sinni í opinberri umræðu. Kennarar fyrri tíma voru afdráttarlaus fyrirmynd til orðs og æðis. Hugmyndin um kennarann sem sterka fyrirmynd nemenda sinna hefur í tímans rás breyst yfir í hinn leiðbeinandi kennara. Kennaranum er ætlað styðja við bakið á nemendum sínum sem leita sjálfsmyndar sinnar og siðferðisvitundar. Nemandinn spyr hver er ég? Hann leitar svarsins í flóknum heimi upplýsingaflæðisins með aðstoð kennarans. Kennarinn hefur sjaldan verið mikilvægari en nú í heimi óheftra auglýsinga og misvandaðrar umfjöllunar um menn og málefni sem birtast í netheimum. Slík umfjöllun getur verið mjög mótandi um viðhorf, sjálfsmynd og siðferðisvitund barna og unglinga. Hinn leiðbeinandi kennari í upplýsingaheimi þarf að gæta þess að stíga varlega niður í því sem hann setur fram í fjölmiðlum og á opinberum vettvangi.

Tjáningarfrelsi kennarans er mikilvægt í lýðræðislegri umræðu en ábyrgð hans sem fagmanns setur honum skorður. Kennari sem vinnur að því að leiðbeina börnum og unglingum í leit að sjálfsmynd sinni, félags- og siðferðisvitund er ekki óheftur af fagmennsku sinni.

Í mikilvægu og flóknu starfi er nauðsynlegt fyrir sérhvern kennara að þekkja vel þær leiðbeiningar sem settar eru fram í siðareglum stéttarinnar. Siðareglur eru settar til að efla fagmennsku og stuðla að upplýstri umræðu um siðferðileg álitamál sem tengjast starfi kennarans. Allir kennarar ættu að ígrunda vel boðskap þeirra.

Ragnar Þorsteinsson
Höfundur er fræðslustjóri Reykjavíkur.

Siðareglur kennara

1. Kennarar vinna að því að mennta nemendur og stuðla að alhliða þroska þeirra með fræðslu, uppeldi og þjálfun.
2. Kennurum ber að virða réttindi nemenda og hafa hagsmuni þeirra að leiðarljósi, efla sjálfsmynd þeirra og sýna sérhverjum einstaklingi virðingu, áhuga og umhyggju.
3. Kennurum ber að hafa jafnrétti allra nemenda að leiðarljósi í skólastarfi. Kennarar eiga að vinna gegn fordómum og mega ekki mismuna nemendum t.d. vegna kyns, þjóðernis eða trúarbragða.
4. Kennarar skulu leitast við að skapa góðan starfsanda, réttlátar starfs- og umgengnisreglur og hvetjandi námsumhverfi.
5. Kennarar leitast við að vekja með nemendum sínum virðingu fyrir umhverfi sínu og menningarlegum verðmætum.
6. Kennurum ber að viðhalda starfshæfni sinni, auka hana og fylgjast með nýjungum og umbótum á sviði skólamála.
7. Kennurum ber að hafa samvinnu við forráðamenn eftir þörfum og gæta þess að upplýsingar sem þeir veita forráðamönnum séu áreiðanlegar og réttar.
8. Kennarar skulu virða ákvörðunarrétt forráðamanna ósjálfráða nemenda og hafa ekki samband um málefni nemanda við sérfræðinga utan viðkomandi skóla, nema slíkt sé óhjákvæmilegt til að tryggja velferð og rétt barnsins.
9. Kennurum ber að gæta trúnaðar við nemendur.
10. Kennurum ber að gæta þagmælsku um einkamál nemenda og forráðamanna þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi.
11. Kennarar skulu gæta heiðurs og hagsmuna kennarastéttarinnar.
12. Kennurum ber að vinna saman á faglegan hátt, taka þátt í að marka stefnu og móta daglegt starf í skólanum.
13. Kennurum ber að sýna hver öðrum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu.